

311. fundur Skólanefndar FS

15. nóvember 2011.



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Oddný Harðardóttir, Böðvar Jónsson, Ingimundur Þ. Guðnason, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Sölvi Logason og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Nám er vinnandi vegur - staða verkefnisins.
 2. Endurnýjun skólasamnings.
 3. Önnur mál.

1. Nám er vinnandi vegur - staða verkefnisins.

Skólameistari sagði frá verkefninu Nám er vinnandi vegur en nokkur hópur nemenda var tekinn inn í skólann í haust í tengslum við það. Þar á meðal eru nemendur sem komu á vegum Vinnumálastofnunar og héldu þá atvinnuleysisbótum. Skólameistari sagði frá fjölda nemenda í verkefninu, hvernig þeir skiptast á námsbrautir og hve margir þeirra hafa sótt um nám á næstu önn.

2. Endurnýjun skólasamnings.

Verið er að vinna að endurnýjun skólasamnings. Rætt um helstu áhersluatriði við endurnýjun samningsins, m.a. húsnæðismál, brottfall, stuðning við nemendur og námsframboð.

3. Önnur mál.


a) Oddný spurði um samstarf skólans við íþróttafélög. Æfingar undir stjórn menntaðra þjálfara hafa verið metnar sem íþróttæiningar en ekki hafa verið skipulagðar sérstakar brautir í samstarfi við félögin.

b) Nemendur úr skólanum sigruðu í Snilldarlausnum Marel sem er hugmyndasamkeppni framhaldsskólanemenda. Lið skólans varð í 2. sæti í Boxinu, framkvæmdakeppni framhaldsskólanna. Þá vann skólinn framhaldsskólamót í knattspyrnu karla og litabolta.

c) Skólameistari sagði frá vinnu við að auka samstarf skólans við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum.

d) Rætt um undirbúning nemenda skólans fyrir háskólanám en stjórnendur áttu m.a. fund með nokkrum fyrrverandi nemendum skólans sem nú stunda nám við Háskóla Íslands.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari